

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og gámasvæði í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast rekstur á söfnunarstöð úrgangs (gámasvæði) í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

2. gr.

Allir fasteignaeigendur í Sveitarfélaginu Ölfusi taka þátt í föstum kostnaði við meðhöndlun úrgangs af rekstri grenndarstöðva og söfnunarstöðva (gámasvæðis) sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámasvæði Sveitarfélagsins Ölfuss með úrgang sem skilgreindur er gjaldfrjáls sem og úrgang sem ber úrvinnslugjald.

3. gr.

Greiða þarf samkvæmt neðangreindri gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Ölfusi (gámasvæðis). Greitt er fyrir móttöku á öllum gjaldskyldum úrgangi eftir rúmmáli (sjónmælt). Öll verð eru án virðisaukaskatts.

<i>Almenn gjaldskrá á gámasvæði Sveitarfélagsins Ölfuss.</i>		
Athygli er vakin á að einungis er tekið er við rafrænum greiðslum eða að fyrirtæki eru í reikningsviðskiptum.		
Alltaf skal hafa samráð við starfsmenn um flokkun úrgangs.		
<i>Gjaldskyldur úrgangur – gjald er tekið eftir rúmmáli</i>	<i>Eining</i>	<i>Gjald</i>
Grófur úrgangur s.s. plasthúsgögn, dýnur, húsgögn og annað óflokkað	kr./0,25 m ³	2.280
Almennt heimilissorp – blandaður úrgangur	kr./0,25 m ³	2.080
Garðaúrgangur s.s. trjágreinar, gras, arfi og lauf	kr./0,25 m ³	310
Gifs og gifsplötur frá framkvæmdum	kr./0,25 m ³	2.280
Gler, postulín, kermik og flísar	kr./0,25 m ³	520
Jarðvegur – grjót, möl og önnur steinefni	kr./0,25 m ³	520
Hreint timbur	kr./0,25 m ³	620
Málað timbur	kr./0,25 m ³	1.195
<i>Gjaldfrjáls úrgangur – afsetning er hluti af föstu gjaldi eða ber úrvinnslugjald</i>	<i>Eining</i>	<i>Gjald</i>
Umbúðir úr sléttum pappa	kr./0,25 m ³	0
Plastumbúðir	kr./0,25 m ³	0
Heyrúlluplast	kr./0,25 m ³	0
Bylgjupappi	kr./0,25 m ³	0
Hjólbarðar	kr./0,25 m ³	0
Raftæki	kr./0,25 m ³	0
Spilliefni	kr./0,25 m ³	0

Málmar	kr./0,25 m ³	0
Dagblöð, tímarit og skrifstofupappír	kr./0,25 m ³	0
Föt og textill	kr./0,25 m ³	0
Rafhlöður	kr./0,25 m ³	0
Rafgeymar	kr./0,25 m ³	0
Kælimiðlar	kr./0,25 m ³	0
<i>Önnur gjöld</i>	<i>Eining</i>	<i>Gjald</i>
Tunnugjald: Nýjar 120 l lífrænar tunnur	kr./ílát	15.650
Tunnugjald: Nýjar 240 l lífrænar tunnur	kr./ílát	21.590
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	kr./ílát	21.590
Tvískipt tunna (lífrænt og almennt sorp) 240 l	kr./ílát	27.200
Tunnugjald: Ný 360 l ker	kr./ílát	Sérpöntun
Tunnugjald: Ný 660 l ker	kr./ílát	85.615
Útkeyrslugjald tunnur	kr./ferð	3.220
Útkeyrslugjald ker	kr./ferð	6.440
Teygjufesting á lok í lausasölu	stk.	1.040
Lok á tunnur 120 l	stk.	2.160
Lok á tunnur 240 l	stk.	2.160
Lok á tunnur 360 l	stk.	Sérpöntun
Lok á tunnur 660 l	stk.	10.730
Aðrir varahlutir, s.s. hjól á tunnur, rukkað skv. kostnaðarverði		

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs og gámasvæði í Sveitarfélaginu Ölfusi, nr. 1729/2024.

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, 11. desember 2025.

Elliði Vignisson bæjarstjóri.